

Nd.

481. Breytingartillögur

[259. mál]

við frv. til l. um skattkerfisbreytingu.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Við 4. gr.

a. Upphaf 3. mgr. II. liðar orðist svo:

Sé manni ákveðinn hærri skattafsláttur, skv. liðum A.—D. og málsgreininni næstu hér að framan, en nemur tekjuskatti skv. I. tl., og þá eins þegar tekjuskattur skv. I. tl. er enginn, skal rikissjóður leggja fram fjárhæð, sem þessum mun nemur. Þetta fé telst ekki til skattskyldra tekna skv. 7. gr., og skal því fyrir hvern mann ráðstafað sem hér segir og í þessari forgangsröð, meðan það endist:

b. A-liður 3. tl. 3. mgr. II. liðar orðist svo:

Til jöfnunar á námskostnaði, sbr. lög nr. 69/1972, og til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða annarrar fjárhagsaðstoðar ríkisins við námsmenn, þegar í hlut eiga menn, sem telja fram á skattárinu til frádráttar kostnað vegna náms síns.

c. 4. tl. 3. mgr. II. liðar orðist svo:

Sé fé enn óráðstafað að loknum greiðslum skv. 1.—3. hér að framan, skal það greitt viðkomandi manni.

2. Á eftir 5. gr. komi ný grein, er verði 6. gr. og orðist svo:

4. másl. 5. mgr. 15. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á 41. gr. laga nr. 68/1971, orðist svo:

Ríkisskattanefnd skal annast útgáfu úrskurða sinna árlega.

3. Við 13. gr. 6. mgr. orðist svo:

Sektir samkvæmt 1. og 2. mgr., sem úrskurðaðar eru af nefnd samkvæmt 5. mgr., skal gera á hendur hinum söluskattskylda aðila, hvort sem það er maður eða lögpersóna. Þær skulu njóta lögtaksréttar, og beita má ákvæðum 4. mgr. 12. gr. við innheimtu þeirra.